

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um þjálfun og fræðslu viðbragðsaðila
og umbætur í sjúkraflutningum.

Frá Ara Trausta Guðmundssyni.

1. Er tímabært að sameina þjálfun og fræðslu allra viðbragðsaðila, sbr. ályktun Lands-
sambands slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna frá 29. nóvember sl.?
2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ákalli um umbætur í sjúkraflutningum á Suður-
og Suðausturlandi; fyrst og fremst frá Höfn í Hornafirði að Selfossi og í uppsveitum
sunnan lands?

Skriflegt svar óskast.